

Samningur um veiði og fiskirækt í Kleifarvatni

Hafnarfjarðarkaupstaður kt. 590169-7579 og Stangveiðifélag Hafnarfjarðar kt. (hér eftir Stangveiðifélagið) gera með sér svohljóðandi samningum nýttjun Kleifarvatns.

1. Samningstími er til sex ára, frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2021. Samningurinn skal endurskoðaður að þremur árum liðnum ef annar samningsaðila óskar þess en annars helst hann óbreyttur. Samningsaðilum einnig heimilt að segja samningnum upp með eins árs fyrirvara m.v. mánaðarmót.
2. Stangveiðifélagið hefur einkarétt til veiða og fiskiræktar á gildistíma samningsins, í samræmi við lög nr. 2006/61 um lax- og silungsveiði og reglur sem Fiskistofa kann að setja skv. þeim lögum.
3. Stangveiðifélaginu er heimilt að selja félagsmönnum og öðrum veiðileyfi í Kleifarvatni.
4. Veiðimönnum er heimil umferð meðfram vatninu. Umferð ökutækja er einungis heimil á vegum eða vegaslóðum og allur akstur utan vega bannaður. Allar framkvæmdir varðandi bætt aðgengi að vatninu og önnur mannvirkjagerð við vatnið er háð leyfi bæjarstjórnar og þær skulu einnig kynntar stjórn Reykjanesfólkvangs. Engar skyldur eða kvaðir hvíla á Hafnarfjarðarkaupstað varðandi slíkar framkvæmdir.
5. Öll almenn notkun báta á vatninu er óheimil. Stangveiðifélagið hefur þó heimild til að nota báta við rannsóknir, ræktun og takmarkaða netveiði að höfðu samráði við umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarkaupstaðar.
6. Stangveiðifélagið greiðir ekki fyrir afnotarétt af vatninu. Áformi félagið að stuðla að frekari rannsóknum á vatninu og lífríki þess skal það gert í samvinnu við Hafnarfjarðarkaupstað og sömuleiðis varðandi aðrar aðgerðir/framkvæmdir á svæðinu sem geta haft áhrif á lífríki eða umhverfi vatnsins.
7. Standi Stangveiðifélagið ekki við ákvæði þessa samnings getur bæjarstjórn Hafnarfjarðar einhliða fellt hann úr gildi. Að samningstíma loknum skal Stangveiðifélagið hafa forgang til endurnýjunar samnings.

Hafnarfirði, 30. júní 2016

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

F.h. Stangveiðifélags Hafnarfjarðar